

Sp. 266. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]
um fullgildingu samnings Íslands og Efnahagsbandalagsins.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fullgilda samning þann milli Íslands og Efnahagsbandalagsins, sem gerður var hinn 22. júlí 1972.

Greinargerð.

Hinn 21. nóv. s. l. bar ég fram fyrirspurn til utanríkisráðherra um, hvenær ríkisstjórnin hygðist leita heimildar Alþingis til að fullgilda samning þann, sem gerður var hinn 22. júlí 1972 milli Íslands og Efnahagsbandalagsins, en slík heimild er nauðsynleg, til þess að samningurinn verði fullgiltur og geti tekið gildi. Ég benti á, að sú skoðun, sem komið hefði fram, að samningurinn gæti ekki tekið gildi vegna fyrirvara varðandi landhelgisdeiluna, væri á misskilningi byggð. Þeir fyrirvarar tækju einvörðungu til viðskipta með sjávarafurðir. Ekkert væri því til fyrirstöðu, að samningurinn gæti tekið gildi varðandi viðskipti með iðnaðarvörur, ef hann væri fullgiltur. Utanríkisráðherra svaraði því til, að ríkisstjórnin hefði enga ákvörðun tekið um málið.

Það er augljóst hagsmunamál fyrir íslenzkan iðnað og áframhaldandi uppbyggingu útflutningsiðnaðar og þá um leið fyrir þjóðarbúskapinn í heild, að tollfrjáls markaður skapist fyrir útflutnings íslenzks iðnaðar í löndum hins nýja Efnahagsbandalags. Þar eð ríkisstjórnin virðist ekki ætla að leggja til við Alþingi, að samningurinn verði fullgiltur, er þessi tillaga flutt.